

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 26. apríl 2024.

Mál nr. 518/2023:

Ákærvaldið

(Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir saksóknari)

gegn

Inga Val Davíðssyni

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

(Inga Lillý Brynjólfssdóttir réttargæslumaður)

Lykilorð

Kynferðisbrot. Nauðgun. Sönnun. Refsiákvörðun. Miskabætur.

Útdráttur

IV var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa haft samræði við A án hennar samþykkis. Í dómi Landsréttar kom fram að IV og A væru ein til frásagnar um atvik inni í svefnherberginu á heimili IV og að mikið bæri á milli í frásögnum þeirra um hvort A hafi veitt samþykki fyrir samræðinu. Þegar atvik málsins áttu sér stað var IV 37 ára en A 16 ára og því mikill aðstöðu- og þroskamunur á aðilum. Framburður A var talinn trúverður en framburður IV ótrúverðugur um mikilvæg atriði, meðal annars var framburður IV um hvernig hann leitaði samþykkis fyrir samræðinu ekki eindreginn, að mati réttarins. Var því framburður A um að samræðið hafi verið gegn vilja hennar lagður til grundvallar og niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sakfellingu IV því staðfest. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að IV hafði ekki áður verið gerð refsing en jafnframt tekið mið af því að brot hans var framið gegn stúlku sem var einungis 16 ára. Í ljósi alvarleika brotsins, sbr. og ákvæði 1., 2., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og a-liðar 195. gr. sömu laga, var refsing IV ákveðin þrjú ár. Þá var honum gert að greiða A 2.500.000 krónur í miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Davíð Þór Björgvinsson, Kristinn Halldórsson og Símon Sigvaldason.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 14. júní 2023 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málsgögn bárust réttinum 14. nóvember 2023. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra 15. maí 2023 í málinu nr. [...] /2023.
- Ákærvaldið krefst þess að refsing ákærða verði þyngd.

- 3 Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að miskabótakröfu brotþola verði vísað frá dómi en til vara að krafan verði lækkuð.
- 4 Brotþoli, A, krefst þess að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. október 2021 til 18. febrúar 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst brotþoli þess að niðurstaða hins áfrýjaða dóms um miskabætur verði staðfest.
- 5 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar hljóð- og myndupptökur af skýrslum ákærða og brotþola fyrir héraðsdómi. Þá gáfu ákærði og brotþoli viðbótarskýrslur fyrir Landsrétti. Þá voru spilaðar hljóð- og myndupptökur af skýrslum sálfræðinganna C og B fyrir héraðsdómi, auk þess sem vitnin gáfu viðbótarskýrslur fyrir Landsrétti. Að síðustu gáfu skýrslur fyrir Landsrétti vitnin R og S.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 6 Ákærði er í máli þessu sóttur til saka fyrir nauðgun með því að hafa haft samræði við brotþola gegn vilja hennar. Í ákæru er sú háttsemi ákærða talin varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 7 Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru. Var það niðurstaða héraðsdóms að ákærða hefði mátt vera ljóst að hann hefði haft yfirburðastöðu gagnvart brotþola, sem hefði verið 16 ára er atvik gerðust, en ákærði 37 ára. Hann hefði verið náinn vinur stjúpföður brotþola og fjölskyldunnar, mikið inni á heimilinu og þekkt brotþola frá því hún var lítið barn. Í ljósi þessa hefði honum borið að fullvissa sig um að fyrir hendi væri skýrt og ótvírætt samþykki, gefið af fúsum og frjálsum vilja, en það hefði hann ekki gert. Var brot ákærða talið réttilega heimfært til 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.
- 8 Í viðbótarskýrslu sinni fyrir Landsrétti ítrekaði ákærði að samræði hans og brotþola hefði verið með samþykki beggja aðila. Inn í svefnherberginu á heimili ákærða hefði ákærði spurt brotþola að því hvort þau ættu að sofa saman og brotþoli svarað því játandi. Brotþoli hefði verið mikið utan í ákærða allt þetta kvöld og ákærði skynjað frá henni merki um að hún vildi sofa hjá honum. Þetta kvöld hefði brotþoli sagt við ákærða að hana langaði að sofa hjá honum. Er brotþoli hefði yfirgefið heimili ákærða um nóttina hefði ástand hennar verið gott, hún virst í jafnvægi og verið brosandí. Ákærði hefði vitað hve gömul brotþoli var er þau höfðu samræði. Sá aldursmunur hefði ekki verið ástæða þess að ákærði fann fyrir samviskubiti heldur hitt að brotþoli hefði verið stjúpdóttir æskuvinar ákærða og ákærði í miklum tengslum við fjölskylduna.
- 9 Brotþoli greindi frá því í viðbótarskýrslugjöf sinni fyrir Landsrétti að er ákærði hefði farið að talað um klæðnað brotþola og tekið að snerta læri hennar inni í

svefnherberginu á heimili ákærða umrædda nótt hefði hún ítrekað sagt nei við hann og að hún vildi þetta ekki. Brotapoli hefði reynt að öskra en ekki komið upp neinu hljóði og frosið er ákærði dró niður um hana buxurnar. Að því er varðar staðhæfingar ákærða um að brotapoli hafi gefið honum áfengi þetta kvöld og um nóttina lýsti brotapoli því að hún hefði gefið ákærða eitt áfengisskot inni á skemmtistaðnum Höllinni eftir lokun. Áður hefði hún leitað til yfirmanns síns á staðnum og fengið leyfi til þess. Að öðru leyti hefði hún ekki veitt ákærða áfengi um kvöldið eða nóttina. Spurð um hvort þau ákærði hefðu kysst inn í svefnherberginu lýsti brotapoli því að í atburðarásinni í herberginu eftir að ákærði fór að leita á hana hefði hann mögulega kysst hana.

- 10 Um málsatvik og framburð ákærða og vitna vísast að öðru leyti til hins áfrýjaða dóms.

Niðurstaða

- 11 Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi eru ákærði og brotapoli ein til frásagnar um atvik inni í svefnherberginu á heimili ákærða þá nótt er um ræðir og ber mikið á milli í frásögnum þeirra um hvort brotapoli hafi veitt samþykki fyrir samræðinu.
- 12 Ákærði var í tvígang yfirheyrður hjá lögreglu um atvik málsins. Í fyrra sinnið, 4. janúar 2022, var ákærði spurður að því hvernig það hefði atvikast að hann og brotapoli höfðu samfarir. Svaraði ákærði því til að hann gæti eiginlega ekki svarað því. „...þú veist, þetta bara gerðist.“ Ákærði var síðar í sömu yfirheyrslu spurður að því hvort samræður hefðu sprottið upp á milli hans og brotapola um hvort þau ætluðu að stunda kynlíf og hvers efnis þær hefðu þá verið. Svaraði ákærði því játandi og bætti við: „Bara í rauninni, skilurðu, það sem leiddi [...] út í það sem [...] við gerðum.“ Síðar í yfirheyrslunni var ákærði spurður að því hvernig samþykkið hefði komið til. Svaraði ákærði á þá leið að brotapoli hefði verið utan í honum allt kvöldið, þau hefðu farið inn í herbergið, „... og þú veist, bara eitt leiðir af öðru og það gerist.“ Síðar var ákærði spurður að því hvernig hann gæti fullyrt að hann hefði fengið samþykki brotapola. Svaraði ákærði á þennan veg: „... eða þú veist, þetta [...] bara kemur upp í umræðunni.“ Í skýrslutöku hjá lögreglu 14. mars 2022 var ákærði spurður út í samþykkið og lýsti hann því á þann veg að hann og brotapoli hefðu verið inni í herberginu og ákærði spurt hvort þau þau ættu að sofa saman. Brotapoli hefði svarað því játandi. Fyrir héraðsdómi lýsti ákærði því að samræður hans og brotapola inni í herberginu hefðu leiðst að því hvort þau ættu að sofa saman. Brotapoli hefði brugðist jákvætt við því með því að klæða sig úr buxum og nærbuxum. Hún hefði á engum tímapunkti gefið til kynna að hún vildi ekki hafa samfarir við ákærða. Svo sem að framan er rakið bar ákærði fyrir Landsrétti um þetta atriði á þann veg að hann hefði spurt brotapola að því hvort þau ættu að sofa saman og brotapoli svarað því játandi.
- 13 Í fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu 2. desember 2021 bar brotapoli á þann veg að inni í svefnherberginu á heimili ákærða, eftir að ákærði og brotapoli hefðu rætt um samskipti ákærða og D, hefði ákærði sagt að hann vildi að sofa hjá brotapola. Hann hefði farið að snerta brotapola og kyssa hana. Hefði brotapoli sagt „stopp“ við hann

og að þetta væri rangt. Ákærði hefði haldið áfram og brotaþoli frosið. Hefði henni fundist hún vera að öskra en ekkert hljóð komið. Brotaþoli hefði síðar náð áttum og ýtt ákærða af sér. Síðar í sömu yfirheyrslu lýsti brotaþoli þessum atvikum þannig að ákærði hefði byrjað að strjúka upp læri brotaþola, kysst hana, tekið buxur hennar niður og hún síðan frosið og ákærði í kjölfarið haft samræði við hana. Í skýrslutöku hjá lögreglu 18. mars 2022 bar brotaþoli um þessi atvik á þann veg að inni í svefnherberginu umrætt sinn hefði ákærði sagt að hann langaði að sofa hjá henni. Brotaþoli hefði sagt nei við því. Ákærði hefði þrátt fyrir það haldið áfram og tekið brotaþola úr buxunum, reynt að kyssa hana „og ég reyndi...“. Brotaþoli hefði síðan frosið. Síðar hefði hún náð áttum og ýtt ákærða af sér. Fyrir héraðsdómi bar brotaþoli um þessi atvik að inni í svefnherberginu, eftir að ákærði og brotaþoli höfðu rætt um samskipti ákærða og D, hefði ákærði sagt brotaþola að hann vildi sofa hjá henni. Brotaþoli hefði svarað því til að það kæmi ekki til greina. Ákærði hefði eigi að síður haft samræði við hana, en er hún hefði náð áttum hefði hún ýtt ákærða ofan af sér. Sem fyrr greinir greindi brotaþoli þannig frá atvikum fyrir Landsrétti að er ákærði hefði hætt að tala um D og farið að tala um klæðnað brotaþola og snert læri hennar hefði brotaþoli ítrekað sagt nei við ákærða og að hún vildi þetta ekki. Hefði brotaþoli reynt að öskra en ekki komið upp neinu hljóði. Þá hefði brotaþoli frosið er ákærði dró niður um hana buxurnar.

- 14 Hjá lögreglu sem og fyrir héraðsdómi var brotaþoli ítrekað spurð út í hvort hún hefði heyrt einhvern banka á svefnherbergisdýrnar þessa nótt, hvort hún hefði öskrað og hvenær í atburðarásinni ákærði hefði kysst hana. Í skýrslu hjá lögreglu 2. desember 2021 greindi brotaþoli frá því að hún hefði hitt yfirmann sinn, E, síðar umrædda nótt, en heima hjá E hefði G verið staddur. Hefði G sagt við brotaþola að hann hefði bankað á svefnherbergishurðina um nóttina til að láta hana vita að þau væru að fara. Eftir að ákærði hefði sagt að hann vildi sofa hjá brotaþola hefði hann snert og kysst hana. Brotaþoli hefði frosið og reynt að öskra en ekkert hljóð komið. Við skýrslugjöf 18. mars 2022 var brotaþoli spurð að því hvort hún hefði heyrt einhvern kalla inn um dýrnar og svaraði brotaþoli á þann veg að „Ég heyri að það er, hérna, barið á hurðina, sem var þá G og ég reyndi að öskra en gerði það greinilega ekki ...“. Því næst var brotaþoli spurð að því hvort hún hefði orðið þess vör að kallað væri inn um dýrnar og svaraði brotaþoli því ákveðið neitandi. Að því er kossa varðaði lýsti brotaþoli því að ákærði „... bara tekur mig úr buxum og byrjar að kyssa mig og ég reyndi ...“ Fyrir héraðsdómi var brotaþoli spurð að því hvort einhver hefði bankað á dyr svefnherbergisins og svaraði brotaþoli því til að það hefði verið G. Er þau hefðu hist heima hjá E hefði hann sagt henni að hann hefði bankað. Aðspurð hvort hún hefði öskrað er hún var inni í herberginu lýsti hún því að hún hefði reynt það en ekkert hljóð komið. Fyrir Landsrétti greindi brotaþoli frá því að í atburðarásinni í herberginu eftir að ákærði fór að leita á hana hefðu mögulega verið einhverjir kossar þar sem ákærði hefði kysst hana.

- 15 Samkvæmt því er hér hefur verið rakið hefur brotaþoli verið sjálfri sér samkvæm um að hún hafi haft það eftir G að hann hafi bankað á hurð herbergisins þessa nótt en hún ekki heyrt hann kalla inn um dyrnar. Eins hefur brotaþoli verið sjálfri sér samkvæm um að hún hafi reynt að öskra en ekkert hljóð komið. Þá hefur brotaþoli lýst því að eftir að ákærði hafi sagt við hana að hann vildi sofa hjá henni hafi hann strokið um læri hennar og kysst hana, en framburður hennar ber þess merki að hún hefur ekki verið viss um hvort kom á undan.
- 16 Ákærði hefur staðhæft að brotaþoli hafi verið utan í honum þetta kvöld og um nóttina. Hún hafi gefið honum til kynna að hún vildi sofa hjá honum og elt hann heim til hans. Hafi brotaþoli sótt í ákærða en ekki öfugt. Brotaþoli hafi gefið ákærða áfengi að drekka á skemmtistaðnum, auk þess sem hún hafi tekið flösku heim til hans. Sjálf hafi hún verið að drekka áfengi. Vitni voru spurð um þessi atriði og staðfesti ekkert þeirra tilvitnaðan framburð ákærða um þau. Brotaþoli hefur sagt þennan framburð ákærða rangan og sagt eina áfengið er hún hefði gefið ákærða hafa verið eitt skot er hún hefði fengið leyfi yfirmanns síns til að gefa ákærða eftir lokun skemmtistaðarins. Ákærði hefur viðurkennt að hafa átt orðastað við brotaþola um samskipti hans við D, en brotaþoli hefur lýst því að ákærði hafi beðið hana um að hnippa í ákærða yrði hann of náinn D. Með vísan til alls framangreinds er ótrúverðugur framburður ákærða um að brotaþoli hafi verið að drekka áfengi, að hún hafi komið með áfengisflösku heim til ákærða, að hún hafi hangið utan í honum allt kvöldið og um nóttina og gefið til kynna að hún vildi sofa hjá honum. Hefur ákærði með hinum ótrúverðuga framburði sínum leitast við að fegra hlut sinn á kostnað brotaþola.
- 17 Þá er til þess að líta að framburður ákærða um hvernig hann hafi leitað samþykkis brotaþola fyrir samræðinu er ekki eindreginn svo sem að framan er rakið. Í fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu og í framburði fyrir héraðsdómi svaraði ákærði þessu ekki skýrt en lét fremur að því liggja að þetta hefði einfaldlega gerst, að eitt hefði leitt af öðru eða að þetta hefði komið upp í umræðunni. Í seinni skýrslutökunni hjá lögreglu og fyrir Landsrétti var ákærði hins vegar afdráttarlaus um þetta atriði og lýsti því að hann hefði spurt brotaþola hvort þau ættu að sofa saman og brotaþoli svarað því játandi.
- 18 Ákærði var 37 ára er atvik áttu sér stað en brotaþoli 16 ára. Mikill aðstöðu- og þroskamunur var því á aðilum. Svo sem að framan greinir er ákærði ótrúverðugur um mikilvæg atriði málsins, þar með talið um það með hvaða hætti brotaþoli hafi veitt samþykki sitt fyrir samræðinu. Brotaþoli hefur aftur á móti heilt yfir verið trúverðug í sínum framburði. Samkvæmt því og öðru framangreindu verður framburður brotaþola um að ákærði hafi haft samræði við hana gegn vilja hennar lagður til grundvallar og staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ákærða fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og varðar við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

- 19 Við ákvörðun refsingar er litið til þess að ákærða hefur ekki áður verið gerð refsing. Aftur á móti er jafnframt tekið mið af því að brot ákærða var framið gegn stúlku sem þá var einungis 16 ára. Í ljósi alvarleika brots ákærða, sbr. og ákvæði 1., 2., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og a-liðar 195. gr. sömu laga, þykir refsing hans réttilega ákveðin fangelsi í þrjú ár.
- 20 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um miskabætur til brotþola og greiðslu sakarkostnaðar.
- 21 Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotþola, eins og í dómsorði greinir. Þóknun lögmannna er ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dómsorð:

Ákærði, Ingi Valur Davíðsson, sæti fangelsi í þrjú ár.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um miskabætur til handa brotþola, A, og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 2.221.454 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 1.612.000 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 483.600 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 15. maí 2023

- 1 Mál þetta, sem var dómtekið 3. apríl sl., var höfðað með ákæru Héraðssaksóknara, dagsettri 5. janúar 2023, á hendur Inga Val Davíðssyni, kt. [...], [...], [...], fyrir nauðgun, „með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 10. október 2021, inni í herbergi, á þáverandi heimili sínu að [...], dregið niður um A, kt. [...] buxurnar og haft við hana samræði gegn hennar vilja og þrátt fyrir að A hafi ítrekað látið hann vita að hún vildi þetta ekki og bæði hann um að stoppa.“

Brotið er talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.
- 2 Brotþoli krefst þess að ákærða verði gert að greiða henni 4.000.000 króna í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 10. október 2021 til 18. febrúar 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laganna, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar vegna starfa réttargæslumanns.
- 3 Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvalds og að bótakröfu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og verulegrar lækkunar á bótakröfu. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða.

Málavextir

- 4 Með bréfi dagsettu 28. október 2021 óskaði Barnaverndarnefnd [...] rannsóknar lögreglu þar sem brotþoli hefði skýrt foreldrum sínum frá því að ákærði hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi á heimili hans aðfaranótt 10. október 2021. Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 2. desember 2021. Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 4. janúar 2022 og 14. mars 2022 og brotþoli var yfirheyrð að nýju 18. mars 2022.

- 5 Þegar atvik málsins urðu var brotþoli 16 ára en ákærði 37 ára. Hann var æskuvinur stjúpföður brotþola og tíður gestur á heimili fjölskyldunnar.
- 6 Fyrir liggur vottorð B sálfræðings, dags. 27. mars 2022. Þar kemur fram að Félagsþjónusta [...] vísaði brotþola í viðtöl til hennar í október 2021. Móðir og stjúpfaðir hafi fyrst komið í viðtal, tjáð henni að brotþoli hafi orðið fyrir kynferðisbroti í október 2021 og rakið fyrir henni málavexti. Í fyrsta viðtali við brotþola hafi hún greint frá því að hafa verið misnotuð af 38 ára gömlum vini pabba síns. Mamma hennar hafi í fyrstu ekki trúað henni. Ákærði hafi svo rætt við fólk um að þau hafi sofið saman en hún ekki talað um þetta. Kemur fram að brotþoli hafi lýst vanlíðan við að sjá ákærða og hafi forðast að vera á ferli í bænum. Hún hafi svo um jólin ákveðið að vera sterk og gera það sem hún vildi þótt hún vissi af honum í nágrenninu. Þá hafi hún lýst því í viðtali 22. mars 2022 að almennt gengi vel, henni liði vel og skólinn gengi betur.
- 7 Þá liggur fyrir vottorð C sálfræðings í Barnahúsi, dags. 30. mars 2023. Þar kemur fram að brotþoli hafi sótt hjá henni tvö viðtöl en mætingar verið stopular og málinu verið lokað. Í viðtölum hafi brotþoli greint frá vanlíðan í kjölfar þessa atviks og ótta við að sjá ákærða. Framkomnar upplýsingar hafi bent til mögulegra einkenna áfallastreituröskunar sem hefðu verið metin ef viðtöl hefðu orðið fleiri. Það væri mat hennar að brotþoli hefði þurft frekar meðferð í Barnahúsi vegna líðanar sinnar í tengslum við ætlað kynferðisofbeldi.

Framburðir ákærða og vitna

- 8 Ákærði kvað brotþola vera dóttur æskuvinar síns. Hann hafi verið mikið inni á heimili þeirra um sumarið að hjálpa til við að gera upp húsið. Hann kvaðst hafa verið á skemmtistaðnum [...] að kvöldi 9. október. Brotþoli hafi verið að vinna á barnum, hangið utan í honum allt kvöldið og gefið honum áfengi. Hún hafi rætt við hann um að vera ekki að eltast við D því hún væri gift. Ekkert hafi þó verið á milli þeirra D en það geti auðveldlega misskilist þegar fólk talar saman í miklu návígi. Klukkan rúmlega eitt um nóttina hafi partíið færst heim til ákærða. Þangað hafi farið hann, brotþoli og vitnin E, F, G, H og I. Þau hafi spjallað saman, hlustað á tónlist og drukkíð áfengi. Ákærði og D hafi spjallað saman inni í eldhúsi og brotþoli fengið hann inn í herbergi til að ræða aftur við hann um að vera ekki að eltast við D því hún væri gift. Samtalið hafi svo leiðst að því hvort þau ættu að sofa saman og hún brugðist við á jákvæðan hátt, klætt sig úr buxum og nærfötum, lagst á bakið upp í rúm og þau haft samfarir. Hann hafi hætt eftir nokkrar mínútur án þess að hafa sáðlát vegna þess að samviskan hafi truflað hann, það að þetta væri dóttir vinar hans. Hann hafi ekki gefið brotþola skýringar á því og hún einskis spurt heldur hafi hún klætt sig, hann klætt sig í buxur og fylgt henni til dyra.
- 9 Síðar í framburðinum kvaðst ákærði hafa spurt brotþola beint hvort þau ættu að sofa saman og hún svarað játandi. Ákærði kvað brotþola aldrei hafa gefið til kynna að hún vildi þetta ekki og hvorki öskrað né reynt að öskra. Hún hafi kysst hann allan tímann á meðan þessu stóð.
- 10 Aðspurður kvað ákærði enn hafa verið fólk í íbúðinni þegar þau fóru inn í herbergi og á einhverjum tímapunkti hafi verið tekið í hurðina. Aðspurður um ítrekuð ummæli hans, um að brotþoli hafi hangið í honum eða sótt í hann, svaraði ákærði að miðað við hvernig brotþoli hafi hangið utan í honum og elt þau heim í partíið hafi hún verið að gefa frá sér merki. Aðspurður um hvernig merki svaraði hann: „Bara að hún sé skilurðu... hvað hún vilji, sem er að stunda kynlíf“. Þau hafi þó ekki rætt það fyrr en þau komu inn í herbergið.
- 11 Ákærði kannaðist við að hafa sent brotþola skilaboð í kjölfarið þar sem stóð „aldrei“ og kvaðst hafa átt við aldrei aftur. Hann hafi engin samskipti haft við brotþola síðan.
- 12 Daginn eftir hafi faðir brotþola hringt í hann og spurt hvort þau hafi sofið saman. Hann hafi neitað því það væri ekki auðvelt að viðurkenna fyrir besta vini sínum að hafa sofið hjá dóttur hans.
- 13 Sama dag hafi vitnið J spurt hann um þetta og hann neitað því. Ákærði hafi spurt J hvort brotþoli hafi sagt að hann hefði brotið gegn sér og J neitað því. Hann hafi viljað vera viss vegna þess hvernig umræðan væri orðin. Ákærði kannaðist við að hafa sent J mynd af snöru, það hafi verið kall á hjálp, hann hafi verið miður sín yfir þessu. Aðspurður um ummæli J, um að ákærði hafi sagt að hann myndi ekkert, kvað hann rétt að hann hafi sagt það, hann hafi bara verið að forða sér frá sannleikanum, þetta hafi verið leið til að

- ræða þetta ekki. Þá kannaðist ákærði við að hafa einnig borið fyrir sig minnisleysi í samtali við stjúpföður brotþola.
- 14 Ákærði kvaðst einnig hafa rætt við vitnið E þennan dag og neitað að þetta hafi gerst. Það hafi einnig verið hans leið til að forðast umræður um óþægilega hluti. Ákærði var spurður um framburð E hjá lögreglu, þar sem hún sagði að ákærði hafi sagt að brotþoli myndi rústa lífi hans. Hann kvaðst hafa verið að vísa til þess að þetta sé lítið samfélag, hann hafi sofið hjá dóttur besta vinar síns og ljóst sé hvernig dómstóll götunnar virki.
 - 15 Ákærði var spurður um samtal sitt um brotþola við vitnið K. Hann minntist þess að hafa sagt við hann að hún væri oft léttklædd á heimilinu, þegar hann var að vinna þar, en það væri bull að hann hafi sagt að hann gæti ekki beðið eftir að hún yrði 18 ára svo hann gæti sofið hjá henni. Aðspurður um í hvaða samhengi hann hafi verið að ræða klæðaburð hennar svaraði ákærði því að hún hafi verið á brókinni og peysu og það hafi verið það sem hann var að meina. Þetta hafi ekki verið kynferðislegt tal, en borist í tal því hann hafi verið að vinna í húsinu heima hjá henni á hverjum degi, heilt sumar.
 - 16 Ákærði kvaðst hafa farið í langa áfengis meðferð í kjölfar þessa atburðar.
 - 17 Vitnið A, brotþoli, kvað ákærða vera besta vin pabba hennar og fjölskylduvin sem hún hafi þekkt frá því að hún var barn. Hann hafi verið hjá þeim á hverjum degi. Þetta kvöld hafi hún verið að vinna á barnum á [...] að tína saman glös. Ákærði hafi verið að tala við D. Hann hafi komið til hennar á barnum og beðið hana að taka sig frá ef hann væri með D. Þau hafi svo farið í eftirpartí heim til ákærða. Þar hafi hann verið að reyna við og kyssa D svo brotþoli hafi tekið hann til hliðar. Hann hafi þá beðið hana að koma inn í herbergi því að hann vildi ekki ræða þetta fyrir framan alla. Þar hafi þau sest á rúmið og rætt þetta. Ákærði hafi síðan sagst ætla að ná sér í bjór og farið fram, en komið inn aftur án þess að hafa með sér bjór og lokað og læst herberginu. Hann hafi farið að ræða það þegar hann var að vinna í húsinu hjá þeim, hvað hann hafi oft hugsað um í hvernig innanundirfötum hún væri, hvað hann langaði til að gera og hvað hann langaði mikið að sofa hjá henni. Hún hafi ítrekað sagt nei og að það kæmi ekki til greina, hann væri besti vinur pabba hennar og miklu eldri en hún. Hann hafi sagst vita að hún vildi þetta, farið að snerta hana og farið með hönd upp læri hennar. Hún hafi frosið og hann klætt þau bæði úr buxum og haft við hana kynmök. Hún hafi reynt að öskra en ekki getað það. Hún hafi svo „hætt að frjósa“, ýtt ákærða af sér, klætt sig og farið. Hann hafi komið á eftir henni og verið að biðja hana um að leyfa sér að klára og talað um að hún mætti aldrei segja pabba sínum frá þessu, það myndi skemma vinasambandið auk þess sem ákærði ætti börn sem hann fengi til sín aðra hverja helgi. Seinna um kvöldið hafi hann svo sent henni tvönn skilaboð á Instagram þar sem stóð bara „aldrei“, auk þess að „læka“ gamla mynd af henni á Instagram og „adda henni á Snapchat.
 - 18 Brotþoli kvaðst hafa hringt í E þegar hún kom út og spurt hvar hún væri. Hún hafi sagst vera heima og brotþoli farið þangað. E hafi verið fyrir utan heimili sitt ásamt G en F kona hans hafi verið inni á klósettinu og svo komið út til þeirra. Hún hafi sagt E stuttlega frá því hvað hefði gerst og þá hágrátið. E hafi gefið til kynna að þetta væri henni að kenna en einnig sagt að hún skyldi segja foreldrum sínum frá þessu, annars myndi hún ræða við þau. Þá kvaðst hún hafa rætt við L vin sinn um nóttina og sagt honum frá þessu.
 - 19 Brotþoli kvaðst ekki hafa gefið ákærða neitt áfengi. Þá hafi hún ekki verið að drekka. Hún hafi ekki verið með áfengi meðferðis og ekki verið að taka skot, hún hafi líklega tekið einn sopa af bjór í partíinu. Þá kvaðst hún hafa orðið vör við að vitnið G bankaði þegar þau ákærði voru inni í herbergi, hún hafi vitað að það væri hann því hún hafi heyrt hann tala fyrir framan dyrnar. Brotþoli kvað E hafa sagt sér síðar að þegar ákærði sagðist ætla fram að sækja sér bjór, hafi hann sagt fólkinu að hann væri að fara að sofa.
 - 20 Vitnið M, móðir brotþola, kvað ákærða hafa verið mjög góðan vin þeirra hjóna og mikil samskipti þeirra á milli. Hann hafi á þessum tíma hjálpað þeim mjög mikið í húsinu. Ákærði hafi einnig þekkt brotþola, vitnið hafi tekið saman við stjúpföður hennar, vin ákærða, þegar brotþoli var [...] ára.
 - 21 Vitnið kvað brotþola hafa verið að vinna á [...] þetta kvöld. Hún kvað brotþola hafa skýrt sér frá því daginn eftir að hún hafi farið í eftirpartí heim til ákærða með yfirmanni sínum og vinkonu hennar en þær tvær farið inn á baðherbergi. Brotþoli og ákærði hafi svo farið inn í herbergi þar sem ákærði hafi brotið gegn henni. Hún hafi frosið og ákærði þröngvað sér upp á hana. Konurnar hafi farið út einhverju á undan henni. Aðspurt um tilkynningu [...] til lögreglu þar sem haft er eftir henni að hún hafi brugðist illa við og

- ekki vitað hvort hún ætti að trúa henni kvað vitnið þetta hafa verið hennar fyrstu viðbrögð, hún hafi ekki viljað trúa þessu.
- 22 Vitnið kvað brotþola hafa liðið mjög illa síðan þetta var, verið lokuð og til baka. Hún hafi reyndar einnig verið lokuð áður enda gengið í gegnum ýmislegt fyrir þetta. Vitnið kvaðst ekki vita hvort ákærða hafi verið kunnugt um þau mál.
 - 23 Vitnið N, stjúpfaðir brotþola, kvað þá ákærða vera æskuvini og hafa verið í miklum samskiptum. Þeir hafi líka verið saman [...]. Þá hafi ákærði einnig verið í miklum samskiptum við fjölskylduna. Hann kvaðst hafa verið á sjó þegar þetta gerðist en hafa heyrt af málinu frá brotþola og öðrum sem voru þarna staddir.
 - 24 Hann kvað ákærða hafa hringt í sig þar sem hann var á sjó, líklega daginn eftir. Vitnið kvaðst ekki minnst þess að ákærði hafi áður gert það. Ákærði hafi sagt honum frá því að hafa verið á [...] og í kjölfarið farið á [...]. Hann hafi ekki greint frá því þá að brotþoli hafi farið í eftirpartí hjá honum. Eftir á þyki honum skritið að ákærði hafi ekki nefnt það. Brotþoli hafi svo talað um þetta við móður sína og hún látið hann vita af þessu. Hann hafi þá heyrt í J, E og F og síðan hringt í ákærða og spurt hann hvort hann hafi sofið hjá brotþola en hann hafi neitað að nokkuð hafi gerst. Þeir hafi svo hist og rætt saman og ákærði enn neitað því að hafa sofið hjá brotþola, sagst hafa verið að reyna við D en ekkert orðið úr því.
 - 25 Aðspurt um framburð vitnisins hjá lögreglu, þess efnis að ákærði hafi ekki viðurkennt að neitt hafi gerst en beðist afsökunar ef eitthvað hefði gerst, kvað vitnið það rétt. Þá hefði ákærði einnig sagt að hann hefði verið það drukinn að hann hafi ekki vitað hvað hann væri að gera. Þá kannaðist vitnið við að E hafi sagt við hann að það hafi ekki komið henni á óvart að ákærði hafi sofið hjá brotþola. Hann kunni ekki skýringar á því, kannski hafi eitthvað verið í hans fari sem hafi gefið henni tilefni til að búast við því.
 - 26 Vitnið kvaðst hafa rætt þetta við brotþola, hún hafi lýst því að þau hafi endað inni í herbergi, ákærði læst hurðinni og þetta brot átt sér stað. Líðan brotþola hafi verið upp og niður eftir þetta, stundum allt í lagi og stundum slæm. Það hafi tekið á hana þegar hún sá til ákærða í bænum. Kvaðst vitnið sjá breytingar á henni eftir þetta.
 - 27 Vitnið J kvaðst vera æskuvinur ákærða og föður brotþola. Hann hafi þekkt brotþola frá því að hún var lítil, hún sé eins og litla systir hans eða frænka. Hún leiti til hans um ýmis mál en hann alltaf verið skýr um það að ef hún segi honum frá málum sem foreldrar hennar þurfi að vita af muni hann segja þeim frá. Hann kvað brotþola hafa sagt sér frá atvikum máls fyrir hádegi daginn eftir en hann muni frásögnina ekki í smáatriðum. Henni hafi liðið mjög illa. Eftir hádegi hafi hann fengið brotþola til að skýra sér frá atvikum að nýju og þá tekið samtalið upp til að geta spilað það fyrir foreldra hennar í stað þess að endursegja atvik og muna þá kannski ekki allt rétt. Vitnið hafi svo rætt við þau eftir hádegið.
 - 28 Aðspurt um framburð vitnisins hjá lögreglu, þess efnis að hann hafi í fyrstu ekki trúað brotþola kvað hann hana hafa orðið uppvísa að ósannindum við sig nokkrum árum fyrr, hún hafi sagst vera ófrísk en það hafi ekki verið rétt. Eftir samtal sitt við ákærða hafi hann hins vegar trúað henni. Viðbrögð ákærða hafi verið skritin miðað við það sem hann þekki til hans, eitthvað hafi sagt honum að ákærði væri ekki að segja satt frá. Seinna um daginn hafi ákærði svo sent honum mynd af reipi og gefið til kynna að hann ætlaði að hengja sig. Vitnið hafi þá sótt ákærða sem hafi gist hjá honum næstu nótt.
 - 29 Vitnið L, vinur brotþola, kvað brotþola hafa sent sér mynd af sér hágrátandi um nóttina. Vitnið hafi spurt hana hvort allt væri í lagi og hún sagt nei. Hann hafi haft áhyggjur af henni og hringt myndsimtal í hana frekar en senda henni skilaboð. Brotþoli hafi sagt honum frá því hvað hefði gerst. Hann hafi frosið og ekki vitað hvað hann ætti að segja en reynt að róa hana niður. Ástandið á henni hafi ekki verið gott, hún hafi verið hágrátandi. Hún hafi lýst því að vera dregin inn í herbergi, og því lokað, einhverjir hafi reynt að komast inn í herbergið til að stoppa þetta, en maðurinn nauðgað henni. Vitnið tók þó fram að hann myndi mjög lítið eftir samtalinu.
 - 30 Vitnið E kvað brotþola hafa verið starfsmann sinn. Bæði ákærði og foreldrar brotþola hafi verið vinir hennar til margra ára. Hún og brotþoli hafi verið að vinna þetta kvöld, brotþoli vinni við að safna saman glösum og vaska upp. Eftir lokun staðarins hafi þau farið í partí til ákærða og brotþoli ákveðið að koma með. Þau hafi þar verið í góðra vina hópi að spjalla og drekka bjór. Vitnið og vinkona hennar hafi svo farið inn á klósett að spjalla, líklega að minnsta kosti í klukkustund. Þegar þær hafi verið að fara hafi G sagt þeim að brotþoli hafi farið inn í herbergi með ákærða. Þau hafi ekki skipt sér af því og gengið saman heim

- til vitnisins. F hafi þurft á klósett og farið inn með vitninu en G beðið fyrir utan. Þá hafi brotapolí hringt og spurt hvar hún væri, og hún svarað að hún væri komin heim. Brotapolí hafi spurt hvort hún gæti komið og talað við hana, og gert það. Hún hafi skýrt frá því að hafa farið inn í herbergi með ákærða og hann hafi nauðgað henni. Fyrstu viðbrögð vitnisins hafi verið að spyrja af hverju hún hafi farið með honum inn í herbergi. Þær hafi rætt saman smá stund og brotapolí svo farið heim. Vitnið hafi sagt brotapolá að hún þyrfti að segja mömmu sinni frá þessu, annars myndi hún gera það. Vitnið kvað hafa liðið svona tíu mínútur, í mesta lagi fimmtán, frá því að hún fór úr partíinu þar til brotapolí kom til hennar.
- 31 Vitnið kvaðst hafa frétt það daginn eftir, að eftir lokun staðarins, á meðan þau voru þar enn, hafi brotapolí náð í Opal flösku á barnum í leyfisleysi og gefið vitninu F skot inni í eldhúsi. Hún hafi einnig farið fram og gefið ákærða fleiri en eitt skot. Brotapolí hafi þó ekki verið að drekka sjálf. Vitnið kvaðst ekki sjálf hafa séð brotapolá með flöskuna. Þá kvað hún brotapolá ekki hafa verið með áfengi í partíinu.
- 32 Vitnið kvað brotapolá hafa rætt um að ákærði væri vinur pabba hennar og verið mikið í mun að hann væri ekki að reyna við D því hún væri gift. Vitnið hafi sagt að henni kæmi þetta ekki við, það væri ekki í þeirra verkahring að leggja fólki lífsreglurnar. Brotapolí hafi einnig rætt þetta við ákærða í partíinu. Heima hjá ákærða hafi þau setið sex saman við eldhúsborð en brotapolí í sófa frammi en hún komið að tékka á ákærða þar sem hann hafi setið við hlið D. D hafi haldið í hendi ákærða og þau daðrað hvort við annað. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þau kyssast. D hafi svo verið farin þegar þær vinkonurnar komu út af baðherberginu. Þeim hafi verið sagt að partíið væri búíð því ákærði væri farinn að sofa. Vitnið G hafi reynt að opna inn í herbergi og hún hafi kallað eitthvað inn en engin viðbrögð fengið.
- 33 Vitnið kvaðst kannast við að hafa sagt við ákærða að það kæmi henni ekki á óvart að brotapolí hafi sofið hjá honum. Skýringar hennar á því hvað hún hafi átt við voru óljósar en hún kvað dóttur sína hafa verið vinkonu brotapolá og brotapolí hefði gefið færi á sér með einhverjum Snapchat skilaboðum. Það hafi þó verið á þann veg að henni væri ekki sama um ákærða því hann væri svo tengdur inn í fjölskylduna.
- 34 Vitnið kvað brotapolá hafa virst vera sjokkeruð og hissa en ekki verið í geðshræringu eða grátandi. Það kunni að vera af því að brotapolí hafi verið hissa á viðbrögðum vitnisins. Aðspurt um þá frásögn vitnisins hjá lögreglu að brotapolí hafi brostið í grát kvað hún það ekki rétt, en hún hafi verið sjokkeruð og tilfinninganæm.
- 35 Aðspurt kvað vitnið D hafa spurt hana eftir á hvernig hún hefði hagað sér og vitnið svarað henni hreint út. D hefði talað um þetta við eiginmann sinn og ekki verið stolt af hegðun sinni. Hún kvað rangt í framburði D hjá lögreglu að hún hafi sagt D að ekkert hefði gerst milli D og ákærða.
- 36 Vitnið kvaðst hafa rætt við ákærða nokkrum dögum síðar. Honum hafi liðið mjög illa og þótt súrt að brotapolí væri að saka hann um nauðgun. Hann hafi verið með sjálfsvígshugleiðingar og J hafi tekið hann heim til sín. Ákærði hafi sagt henni að hann hafi farið inn í herbergi að sofa en brotapolí elt hann þangað. Hann hafi ekki talað um að þau hafi sofið saman og vitnið ekki spurt hann um það. Ákærði hafi sagt að brotapolí myndi eyðileggja mannorð hans með því að ljúga þessu upp á hann.
- 37 Vitnið G kvaðst ekki tengjast ákærða og brotapolá, hann kannist við þau því þau búi á [...]. Hann hafi verið heima þetta kvöld og F kona hans farið á [...]kyningu á barnum. Þegar henni var lokið hafi vitnið farið á barinn og eftir það í partí til ákærða. Hann geti ekki greint frá því hverjir voru í partíinu en þarna undir lokin hafi verið hann, F, E, H og I, ákærði og brotapolí. Ákærði hafi verið inni í herbergi þegar hann fór og hann hafi grunað að brotapolí væri þar einnig. Vitnið hafi ekki tekið eftir neinu sérstöku með þau um kvöldið, og ekki heldur milli ákærða og neinnar annarrar konu. Vitnið hafi reyndar verið mjög drukkið og ekki tekið vel eftir. Áður en hann fór hafi hann bankað á hurðina hjá ákærða og kallað í hann en engin viðbrögð fengið. Þau hafi þá farið þrjú saman heim á leið, hann, F og E og þau komið við hjá E á leiðinni heim því F hafi þurft að pissa. Brotapolí hafi komið þangað og þau spjallað saman fyrir utan en vitnið muni ekki um hvað. F hafi svo komið út, brotapolí rætt eitthvað við E og þau þrjú svo gengið saman að heimili vitnisins en leiðir þeirra og brotapolá skilið þar. Vitnið kvaðst ekki hafa skynjað það að brotapolí væri í uppnámi. Hann kvað mjög stuttan tíma hafa liðið frá því að þau fóru úr partíinu þar til brotapolí kom, F hafi enn verið inni að pissa.
- 38 Vitnið F kvaðst minnast þess að hafa farið í partí. Hún hafi verið mjög drukkin og mest verið inni á baðherbergi með E. Á heimleið hafi hún komið við hjá til að pissa, líklega hafi hún hitt brotapolá fyrir

utan þegar hún kom aftur út. Brotapoli hafi gengið með þeim í partíð. Vitnið kvaðst ekki muna eftir neinu á milli ákærða og brotþola en hins vegar muna eftir ákærða og D þótt hún hafi ekki velt þeim sérstaklega fyrir sér. Þegar þau fóru hafi allir verið að fara heim. Hún kvaðst ekki vita hvort brotþoli var að drekka og ekki minnst þess að brotþoli hafi verið með flösku af áfengi.

- 39 Vitnið D kvaðst ekki hafa tengsl við ákærða eða brotþola, hún þekki til þeirra því þau búi á [...]. Hún kvaðst hafa verið á barnum og farið í partíð og svo farið heim. Hún muni ekki hverjir voru í partínu aðrir en hún og ákærði, E og O, bróðir E. Hún hafi talað við ákærða allt kvöldið, þau hafi líklega verið að daðra eitthvað en hún hafi svo bara farið heim. Vitnið kvaðst muna eftir brotþola [...] og í partíinu ekkert hafa tekið sérstaklega eftir henni. Hún kvaðst ekki minnst þess að brotþoli hafi verið að skipta sér af því að þau ákærði væru að tala saman en henni hafi verið sagt það síðar. Vitnið kvaðst ekki minnst þess að hafa séð ákærða og brotþola fara saman inn í herbergi.
- 40 Vitnið H kvaðst hafa verið með ákærða í bekk í grunnskóla. Hún þekki brotþola lítið en þær séu þó tengdar þannig að systir vitnisins sé með bróður stjúpföður hennar. Hún kvaðst lítið vita um málið og ekkert hafa verið búin að heyra af þessu þegar rannsóknarlögreglumaður hafði samband. Hún kvaðst hafa farið í partíð, þar hafi einnig verið E, I, F, maðurinn hennar, D, kona að nafni P og maðurinn hennar, og O. Hún hafi spjallað lítillega við brotþola í partíinu, henni hafi þótt óþægilegt að sjá hana þarna svona unga, en hún hafi þó verið þarna með sínum yfirmanni. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir því að brotþoli væri utan í ákærða en ákærði og D hafi hins vegar verið að tala saman. Vitnið kvaðst ekki muna hvort einhverjir voru eftir þegar hún fór, hún hafi farið með einhverjum hóp. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við að ákærði og brotþoli hafi farið saman inn í herbergi.
- 41 Vitnið I kvaðst hafa verið á [...] og brotþoli verið að vinna. Hún hafi farið heim eftir það en svo farið í partí hjá ákærða. Hún hafi séð brotþola þar í sófanum og minnst þess að ákærði hafi verið að tala við D. Allir hafi farið úr partíinu á svipuðum tíma, E, F og G hafi komið út rétt á eftir henni.
- 42 Vitnið K kvað ákærða vera æskuvin sinn og brotþola vera dóttur N, sem sé einnig vinur hans. Hann kvað ákærða nokkru áður hafa rætt við sig um að hann gæti ekki beðið þar til brotþoli væri orðin „lögleg“. Hann hafi skilið það svo að hann hafi átt við að hún yrði 18 ára og ummælin hafi verið af kynferðislegum toga, þ.e. að hún yrði nógu gömul til að hann gæti verið með henni. Þetta hafi verið á þeim tíma sem ákærði var að hjálpa föður hennar í húsínu.
- 43 Vitnið C sálfræðingur kvaðst aðeins hafa hitt brotþola tvisvar og því ekki náð að meta hvort væri um að ræða áfallastreituröskun, kvíða eða þunglyndi. Brotþoli hafi greint frá líðan sinni og talað um að þetta atvik ylli henni vanlíðan og erfiðleikum í skóla. Hún hafi lýst því að hafa brugðið mjög þegar hún sá ákærða, ekið heim í flýti, verið stjórn af hræðslu og brotnað niður þegar heim var komið. Viðtöl hennar við brotþola hafi ekki orðið fleiri því brotþoli hafi ekki mætt vel. Brotþoli hafi þó lýst einkennum sem samrýmast áfallastreituröskun og vitnið telji að hún hafi þurft á fleiri viðtölum að halda.
- 44 Vitnið B sálfræðingur kvað brotþola hafa komið til hennar fyrir milligöngu félagsþjónustunnar í október 2021. Þær hafi hist fram í júní 2022 og svo aftur frá því í október 2022. Þær hafi ekki rætt nákvæmlega hvað gerðist en brotþoli hafi skýrt frá því að hafa orðið fyrir misnotkun. Þeirra vinna lúti að því að byggja brotþola upp. Hún hafi lýst óöryggi sem hafi aukist þegar hún hafi séð ákærða. Vitnið kveður brotþola ekki yfirlýsingaglaða eða dramatíska en hún hafi lýst því að þegar hún hafi séð ákærða verði hún órugg. Hún kvað brotþola duglega að sækja sér ráðgjöf og kvaðst því vera jákvæð fyrir hennar hönd. Aðspurt um önnur áföll kvað vitnið brotþola hafa lýst því að hafa einnig upplifað óþægindi í samskiptum við blóðföður sinn.
- 45 Vitnið Q, ráðgjafi hjá félagsþjónustu [...], kvaðst fyrst hafa rætt málið við móður brotþola, síðan brotþola sjálfa og þá sent tilkynningu til lögreglu. Það hafi dregist að tilkynna málið því hún hafi ekki strax náð að ræða við brotþola.

Niðurstaða

Sönnun

- 46 Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. sömu laga metur dómari hvort

- nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi. Þá metur dómari það enn fremur ef þörf krefur hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. laganna.
- 47 Óumdeilt er að ákærði og brotþoli fóru saman inn í herbergi ákærða umrædda nótt og að ákærði hafði þar kynmök við brotþola. Ákærði heldur því fram að það hafi verið með samþykki brotþola en brotþoli kveður þetta hafa verið gegn vilja hennar, hún hafi í fyrstu neitað með orðum en svo frosið þegar hann gekk lengra og því ekki getað spornað við um stund. Hún hafi síðan rankað við sér og þá ýtt honum af sér og farið.
- 48 Til frásagnar um hvað gerðist inni í herberginu eru aðeins ákærði og brotþoli og stendur þar orð gegn orði um hvort samþykki brotþola var fyrir hendi. Hvíler niðurstaða því einkum á mati á trúverðugleika þeirra. Við það mat verður meðal annars litið til stöðugleika í framburði þeirra og framburða þeirra um atvik fyrir og eftir kynmökunum og hvernig þeir fá samræmst framburði vitna þar um.
- 49 Framburður brotþola hefur að langmestu leyti verið á sama veg hjá lögreglu og fyrir dómi. Varðandi það úr hverju ákærði klæddist sagði brotþoli þó fyrst hjá lögreglu að hann hafi girt niðrum sig en fyrir dómi að hann hefði klætt sig úr buxum. Í samantekt af síðari skýrslu hennar hjá lögreglu segir að hann hafi klætt sig úr öllu. Fyrir dómi kvað hún þar rangt eftir sér haft, en bætti við að hún minntist þess að minnsta kosti ekki að hann hafi farið úr öðru en buxunum. Ekki liggur fyrir upptaka af þessari lögregluskýrslu. Þá kvaðst brotþoli, fyrir dómi, ekki minnast þess að ákærði hafi kysst hana eða reynt það en sagði í fyrri yfirheyrslu lögreglu að hann hafi kysst hana áður en hann dró niðrum hana og mikið reynt að kyssa hana á meðan á kynmökunum stóð.
- 50 Fyrir liggur að mjög skömmu eftir að vitnin E, F og G yfirgáfu samkvæmið hringdi brotþoli í E og vildi fá að tala við hana og kom í kjölfarið að heimili hennar. Lýsti hún því strax þar að ákærði hefði nauðgað henni. Þá liggja fyrir myndbönd sem brotþoli sendi vitninu L í spjalli þeirra þá um nóttina þar sem hún segir honum lauslega hvað hafi gerst. Hún er þar grátandi og sjáanlega í uppnámi. Hún lýsir atvikum ekki ítarlega en segir þó að hann hafi haft við hana kynmök gegn vilja hennar. Yfirmaður hennar hafi svo sagt við hana að þetta væri líka henni sjálfri að kenna því hún hefði farið með honum inn í herbergi. Ætlun hennar með því að fara með honum þangað hafi bara verið að reyna að hjálpa D því hún ætti mann og börn. Þar hafi ákærði farið að tala um að hann hafi alltaf langað að ríða henni.
- 51 Móðir brotþola bar að brotþoli hefði skýrt sér frá því daginn eftir að ákærði hafi brotið gegn henni, hún hafi frosið og hann þröngvað sér upp á hana. Stjúpfaðir brotþola bar einnig að hún hafi sagt honum frá þessu, þau ákærði hafi endað inni í herbergi, hann læst og brotið átt sér stað. Báru foreldrar brotþola báðir að líðan hennar hafi versnað eftir þetta atvik. Vitnið J bar einnig að brotþoli hafi skýrt honum frá þessu næsta morgun, henni hafi liðið mjög illa.
- 52 Frásögn ákærða hefur tekið breytingum frá því að hann átti samtöl við N, J og E daginn eftir þegar hann neitaði því að nokkuð hafi gerst milli sín og brotþola. Skýrði hann það svo að hann hafi verið að forða sér frá því að ræða um óþægilega hluti. Af sömu ástæðu hafi hann sagt vitnunum N og J að hann myndi ekkert eftir kvöldinu.
- 53 Spurningum um það hvernig brotþoli veitti samþykki sitt fyrir kynmökunum svaraði ákærði svo við fyrri yfirheyrslu lögreglu: „Ég, þú veist, get eiginlega ekkert svarað því nákvæmlega, þú veist, hún er náttúrulega hérna búin að vera utan í mér þarna um kvöldið, gefa mér áfengi og eitthvað og, þú veist, þetta bara gerðist“. Nánar aðspurður um hvernig samþykki brotþola hafi komið til sagði hann: „Eða eins og ég segi, hún náttúrulega búin að vera utan í mér allt kvöldið og við förum inn í herbergið og þetta bara, þú veist, eitt leiðir af öðru og það gerist.“ Í seinni skýrslu sinni sagði hann hins vegar að þau hafi rætt um hvort þau ættu að sofa saman og hún sagst já við því. Fyrir dómi kvað hann samtal þeirra í herberginu hafa leiðst að því hvort þau ættu að sofa saman. Hann hafi spurt hana, hún svarað játandi, klætt sig úr, lagst á bakið og þau haft kynmök og hún kysst hann á meðan.
- 54 Hjá lögreglu kvað ákærði kynmökunum hafa lokið „bara venjulega“ en kvaðst þó nánar aðspurður ekki hafa haft sádlát. Fyrir dómi kvað hann þessu hafa lokið eftir nokkrar mínútur því það hafi truflað samvisku

- hans að þetta væri dóttir vinar hans. Hann hafi ekkert útskýrt það fyrir henni og hún einskis spurt heldur klætt sig og farið.
- 55 Ákærða var hjá lögreglu og fyrir dómi nokkuð tíðrætt um að brotþoli hafi verið mikið utan í honum, gefið honum áfengi og elt þau heim í partíð. Fyrir dómi kvað hann brotþola hafa, með þessu, sent frá sér merki um að hún vildi stunda með honum kynlíf. Vitnið E kvað brotþola hafa rætt við ákærða bæði á barnum og í partínu að hann ætti ekki að vera að reyna við gifta konu en lýsti ekki návígi þeirra að öðru leyti. Önnur vitni lýstu engum samdrætti þeirra á milli en vitnin E, F, H og I vísuðu allar til nánna samskipta ákærða og D í þessu samhengi. Þá kvaðst D hafa talað við ákærða nær allt kvöldið og ekki hafa orðið vör við nein afskipti brotþola af honum. Ákærði kvað brotþola hafa verið að afgreiða á barnum en það samræmist ekki framburði brotþola og E. Þá kvað hann hana hafa verið að gefa sér Opalskot en brotþoli kvað það ekki rétt. Vitnið E sagðist hafa heyrt það daginn eftir að brotþoli hafi gefið honum og F áfengi úr flösku af barnum en F kannaðist ekki við það. Ákærði bar einnig að brotþoli hefði tekið flöskuna með í partíð en brotþola og E bar saman um að brotþoli hafi ekki tekið með sér áfengi þangað. Þá bar vitnið E að ákærði hefði í kjölfar atviksins sagt henni að brotþoli hafi elt hann inn í herbergi þegar hann var að fara að sofa sem fær ekki samræmist framburði hans fyrir dómi. Samkvæmt framangreindu verður að telja að framburður ákærða um að brotþoli hafi verið utan í honum allt kvöldið og verið að gefa honum áfengi fái ekki stoð í framburði vitna og sé í það minnsta orðum aukinn.
- 56 Vitnið K kvað ákærða nokkru áður hafa rætt við sig um að hann gæti ekki beðið þar til brotþoli væri orðin „lögleg“ og skilið það svo að hann væri að biða eftir að hún yrði nógu gömul til að hann gæti verið með henni. Ákærði kvaðst ekki hafa sagt þetta við K en kannaðist við að hafa talað um það við hann að brotþoli væri stundum fáklædd heima við. Hann kvað ekkert kynferðislegt hafa verið að baki því en útskýrði það ekki frekar.
- 57 Brotþola og vitninu E ber saman um að brotþoli hafi, skömmu eftir að E yfirgaf partíð, hringt og spurt hvar hún væri. Hún hafi sagst vera heima og brotþoli spurt hvort hún mætti koma til hennar. Þá ber E og G saman um að brotþoli hafi komið að heimili E mjög skömmu á eftir þeim, þau hafi staðið fyrir utan en F verið inni á klósettinu. Þetta er einnig í samræmi við frásögn brotþola. Einnig er fullt samræmi í frásögn brotþola og E af því að brotþoli hafi sagt henni að ákærði hefði nauðgað sér og E brugðist við á þann hátt að brotþoli gæti sjálfri sér um kennt. E kvað brotþola hafa verið sjokkeraða og tilfinninganæma. Þá liggja fyrir myndbönd úr samskiptum brotþola við L vin sinn um nóttina þar sem má greinilega sjá að hún var í uppnámi. Foreldrar brotþola hafa borið um breytta líðan brotþola í kjölfar atviksins og sálfræðingarnir C og B að hún hafi lýst einkennum áfallastreituröskunar.
- 58 Í 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 16/2018, segir að hver sem hafi samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun. Samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja. Þá telst samþykki ekki liggja fyrir ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmati nauðung. Í athugasemdum í frumvarpi sem varð að lögum nr. 16/2018 segir: „Hvað varðar hugtakið samþykki í 1. gr. frumvarpsins er ljóst að samþykki til þátttöku í samræði eða öðrum kynferðismökum verður að tjá með orðum eða annarri ótvíræðri tjáningu. Það þýðir að gefa þarf samþykki til kynna eða að virk þátttaka í tiltekinni athöfn verði túlkuð sem samþykki af hálfu annars eða annarra þátttakenda. Ekki verður gerð krafa um að þátttakandi mótmæli eða sýni móttöðu gagnvart þátttöku í kynferðislegri athöfn. Þá getur algert athafnaleysi ekki verið túlkað sem vilji til þátttöku.“
- 59 Lög leggja ekki fortakslaust bann við samræði við börn á aldrinum 15-17 ára heldur geta þau veitt samþykki sitt fyrir þátttöku í slíku séu ekki fyrir hendi þau tengsl sem greinir í 200. gr. og 201. gr. almennra hegningarlaga. Þegar aldursmunur er svo mikill eins og hér háttar til er það þó álit dómsins að gera verði þá kröfu til þess sem eldri er, að gæta sérstakrar varúðar í kynferðislegum samskiptum, enda augljós hætta á að jafnræði sé ekki með aðilum og mikill munur á þroska þeirra og reynslu. Á það enn frekar við þegar aðstæður eða tengsl eru með þeim hætti að ljóst má vera að viðkomandi getur reynst erfitt að standa gegn þeim eldri.
- 60 Að mati dómsins er framburður brotþola trúverðugri en ákærða og stöðugur í meginatriðum, þrátt fyrir þau atriði sem nefnd eru í málsgrein 49. Hún hefur frá upphafi lýst því að ákærði hafi byrjað að ræða um

að hann hefði horft á hana inni á heimili hennar og meðal annars velt fyrir sér í hvernig nærfötum hún væri og að hann langaði svo að sofa hjá henni. Fær þetta stoð í framburði vitnisins K um samtal sitt við ákærða. Hún hefur verið staðföst í því að hún hafi í fyrstu reynt að andmæla ákærða og tala hann til en frosið þegar hann fór að snerta hana, reynt að öskra en ekki komið upp hljóði. Hún hafi svo „hætt að frjósa“, ýtt honum af sér, klætt sig og farið en hann beðið hana að leyfa sér að klára og talað um að hún mætti ekki segja pabba sínum frá þessu.

- 61 Eins og áður greinir styðja framburðir vitna illa þann framburð ákærða að brotþoli hafi verið utan í honum allt kvöldið og hafi, áður en inn í herbergi var komið, verið að senda frá sér merki sem hann hefði með réttu mátt skilja svo að hún vildi stunda kynlíf með honum. Þá hefur ákærði gert nokkuð úr því að hún hafi borið í hann áfengi en ekkert vitni sá hana með áfengisflösku, hvorki gefa ákærða skot né drekka þau sjálf. Þá hefur ákærði átt erfitt með að útskýra hvernig kynmökunum lauk og lýsingar hans á því ekki trúverðugar; að hann hafi hætt eftir skamma stund án þess að hafa sáðlát eða segja nokkuð og hún hafi þá staðið upp, klætt sig og farið án þess að spyrja nokkurs.
- 62 Að mati dómsins er breyttur framburður ákærða um aðdraganda þess að hann hafði kynmök við brotþola ótrúverðugur og ber þess merki að hann reyni eftir á að færa atburðarásina í þann búning að samþykki brotþola hafi legið fyrir. Verður að hafna þessum breytta framburði og leggja til grundvallar framburð ákærða fyrir lögreglu, sem einnig samræmist framburði brotþola. Í framburði sínum fyrir lögreglu átti ákærði erfitt með að gera grein fyrir aðdraganda þess að kynmökin hófust og hvernig hann hafi gengið úr skugga um að brotþoli væri samþykk þeim en lýsti því að eitt hafi leitt af öðru. Fær það samræmist framburði brotþola um að ákærði hafi sífellt gengið lengra þar til hún hafi frosið tímabundið og ekki getað spornað við ágengni ákærða. Hefur hér úrslitabýðingu hvort ákærði mátti með réttu túlka það móttöðuleysi brotþola gegn ágengni hans sem samþykki fyrir kynmökum. Brotþoli var 16 ára þegar atvik urðu en ákærði 37 ára. Hann var náinn vinur stjúpföður hennar og fjölskyldunnar, mikið inni á heimilinu og hafði þekkt hana frá því að hún var lítið barn. Hún var stödd á heimili hans í samkvæmi sem hæfði ekki aldri hennar, þar sem allir viðstaddir voru miklu eldri en hún og flestir undir umtalsverðum áhrifum áfengis. Er það álit dómsins að ákærða hafi mátt vera ljóst að við þessar aðstæður hafi hann verið í yfirburðastöðu gagnvart brotþola og hafi því borið að fullvissa sig um að fyrir hendi væri skýrt og ótvírætt samþykki gefið af fúsum og frjálsum vilja. Með vísan til alls framangreinds telur dómurinn sannað, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, að það hafi hann ekki gert heldur látið sér í léttu rúmi liggja hættuna á því að brotþoli gæti ekki spornað við ágengni hans við þessar aðstæður og haft við hana samræði án samþykkis. Er brotið réttilega heimfært til 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvörðun refsingar

- 63 Ákærði hefur hreinan sakaferil. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess hve ung brotþoli var, sbr. a-lið 195. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði naut yfirburðastöðu gagnvart brotþola vegna aldurs, reynslu og tengsla, misnotaði traust hennar og sýndi skeytingarleysi um vilja hennar. Mátti ákærða vera ljóst að háttsemi hans væri til þess fallin að skaða andlega heilsu hennar. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Miskabætur

- 64 Brotþoli krefst miskabóta á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabóta laga nr. 50/1993. Ákærði ber bótaábyrgð á háttsemi sinni. Brot af þessu tagi eru til þess fallin að valda þeim sem fyrir verða miska, ekki síst ungum þolendum. Brotþoli og foreldrar hennar hafa lýst því að brotið hafi valdið brotþola vanlíðan. Það gerðu einnig sálfræðingarnir C og B sem kváðu hana hafa lýst einkennum áfallastreituröskunar. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 2.500.000 krónur auk vaxta eins og greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður

- 65 Að kröfu ákæruvalds og eftir úrslitum málsins verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola. Þau sinntu bæði hagsmunum skjólstæðinga sinna á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Þykja málsvarnarlaun og þóknun hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir dómsuppsögu var gætt ákvæðis 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ingi Valur Davíðsson, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði greiði brotaþola, A, 2.500.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 10. október 2021 til 18. febrúar 2022, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 2.573.875 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárasonar lögmanns, 2.008.900 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Auðar Harnar Freysdóttur lögmanns, 564.975 krónur.